



Jarðfræðafélag Íslands 60 ára

Lúðvík E. Gústafsson



EFNISYFIRLIT

- Stofnun Jarðfræðafélags Íslands 16. mars 1966
- Staða jarðvísinda á Íslandi á 7. og 8. áratug 20. aldar
- Starfsemi félagsins
- Félagar JFÍ í sextíu ár

Stofnun Jarðfræðafélagsins


Undirbúningsfundur 22. febrúar 1966

Laganefnd stofnuð. Í henni voru:

Sigurður Þórarinnsson

Trausti Einarsson

Guðmundur E. Sigvaldason



Stofnun Jarðfræðafélagsins

**Stofnfundur Jarðfræðafélag Íslands var haldinn
16. mars 1966 kl. 15.30 á veitingahúsinu NAUSTI**

Fyrsti formaður (forseti) var kjörinn **Sigurður Þórarinnsson**

Trausti Einarsson lagði til heitið **Jarðfræðafélag Íslands**

Erlend heiti félagsins var ákveðið
Geoscience Society of Iceland

Stofnun Jarðfræðafélagsins

Úr fundargerðarbók félagsins:

5 tofufundur,
fandfradafilag: Fólks-
haldinn 16. marz 1966 kl. 15.30
fundastær: Veitingahúsið NAUST.

Vi S. Taddis:

Gutmundur Kjartansson
Sigurður Þóroarsson
Jens Tómasson
Lúðvík Pét. Thorkelsson
Elsa Vilhjánda dóttir
Þorleifur Einarsson
Gutmundur E. Sigvaldsson
Kristján Samundsson
Sigurður Steinn Þóroarsson
Lúðvík hjón Björnsson
Þorgríður Þóroarson
Þorleifur Sigurðsson
Haraldur Sigurðsson

[illegible]


5. Adalfund filagjains skal halda í
 mæti á hvert og skal dragla
 hvern anna sem hii segir.
 a: Skipt þá hlögu framvaramann á
 herna árinu
 b: Lagti fram endur skattatíu reikningu
 filagjains.
 c: Hvern stjarna með skriflegri þomningu
 Ennfremur skulu hvern tveir endur-
 skattendur reikninganna og ein
 vara endur skattandi.
 d: Fyrir loka nýrta filaga.
 e: Önnur mál.
 Adalfund skal lata ~~með~~ filag-
 jainnum skriflega og í hvern
 lögmæt af lögla og í hvern
 haldat. Á fundinum skal
 einfaldur minni hluti áttíðar
 í stöðum nýrta annað sé til
 hluti í filagjögunu.

6. Lagabreytingar geta aðeins orðið á Adalfundi.
 Föllögur til laga breytinga skulu til lagmála
 í fundarlisti og til þess að þá áttíð gildi
 þessa þá að vera samþykktar með
 minnst $\frac{2}{3}$ gæddra atkvæða.

7. Tillägen de histories om uppgiften
nygra filaga sluter senast af sin
sinne, som det för sig i afslutande.

8. Uppgått om alvets i afslutande,
Uppgått i afslutande om sin
sinne, som det för sig i afslutande om

Trausti Einarsson telst einnig til stofnfélaga þó að nafnið hans birtist af óþekktum ástæðum ekki sem stofnfélagi



Stofnun Jarðfræðafélagsins

Tilgangur félagsins við stofnun

- Að auka samstarf og samhæfa rannsóknir á sviði jarðvísinda.
- Að fylgja eftir rannsóknarleyfum til erlendra jarðvísindamanna til að tryggja samhæfingu og skipulagi rannsókna.
- Að vera fulltrúi íslenskra jarðvísinda í alþjóðlegu samstarfi

Stofnun Jarðfræðafélagsins

2. gr. laganna félagsins 1966

Hlutverk félagsins er að efla íslenskar jarðfræðirannsóknir.
Þessu hlutverki hyggst félagið gegna með því að:

- a) Stuðla að kynningu íslenskra vísindamanna í hinum ýmsu greinum jarðfræða.
- b) Efna til umræðufunda er haldnir skulu a.m.k. tvisvar á ári.
- c) Stuðla að skipulagningu og samræmingu jarðfræðirannsókna á Íslandi.
- d) Vera aðili að alþjóðasamtökum og alþjóðasamvinnu á sviðum þessara fræða

Stofnun Jarðfræðafélagsins

Félagsgjald var ákveðið á stofnfundi kr. 200

Það jafngildir um það bil 4950 krónum í dag

Félagsgjald í dag er kr. 3500

Jarðvísindi á Íslandi á 7. og 8. áratug 20. aldar

- Jarðfræðirannsóknir á Austurlandi, að frumkvæði G.P.L. Walker og nemenda hans
- Jarðhitaleit og virkjunarframkvæmdir kalla á verulega auknar jarðfræðirannsóknir
- Kennsla í jarðfræði á háskólastigi hefst árið 1968
- Botnskriðs- eða landrekskenningin er að ryðja sér til rúms
 - Ráðstefnan ***Iceland and Mid-Ocean Ridges*** haldin 27.2.-3.3 1967
 - Ráðstefnan ***Geodynamics of Iceland and the North Atlantic Area*** haldin 1. - 7.7 1974
- Norræna eldfjallastöðin stofnuð 1974
- Eldgos í Surtsey 1963-1967, Heimaey 1973, Hekla 1970, Krafla 1975-1984



Starfsemi jarðfræðafélagsins í sextíu ár

- Ráðstefnur og fræðslufundir
- Norræn vetrarmót 1982, 1992, 2002, 2012 og 2022
- Fjölmargar fræðslu- og skoðunarferðir
- Þátttaka í útgáfu tímaritsins JÖKULL - Útgáfa fréttabréfs – Vefsíða 2001 – Facebook hópur 2017
- Sigurðarmedalía og Sigurðarsjóður 1987

Starfsemi jarðfræðafélagsins í sextíu ár

- **25 þemaráðstefnur haldnar 1966 – 2000**
 - M.a. *Iceland and Mid-Ocean Ridges* 1967, *Geodynamics of Iceland and the North Atlantic Area* 1974, *um íslenska jarðfræði* 1972 og 1977, *Eldvirkni á Íslandi* 1988, *Jarðskorpa Íslands* 1989, *Jarðfræði og umhverfismál* 1991
- **Vorráðstefnur haldnar frá 1993**
- **Frá árinu 2002 haldnar bæði vor- og haustráðstefnur**

Haustráðstefnur hafa verið þemaráðstefnur, oft í samvinnu við önnur fagfélög, t.d. um mannvirkjajarðfræði 2005 og 2022, um jarðhita 2010, 2016 og 2017



Starfsemi jarðfræðafélagsins í sextíu ár

Fræðslu- og skoðunarferðir

Haustið 2010 í fyrrum lónsstæði Falljökuls



Vorið 2019 til Borgundarhólms, S-Svíþjóðar og Mönsklint



Haustið 2023 til NV-Skotlands




Starfsemi jarðfræðafélagsins í sextíu ár


Norræn vetrarmót

Norræn jarðfræðivetrarmót hafa verið haldin annað hvert ár frá 1954

Á Íslandi frá 1982 (15. mótið), síðast árið 2022 (35. mótið)




Jarðfræðafélagið hefur borið hitann og þungann af skipulagningu mótanna á Íslandi



Starfsemi jarðfræðafélagsins í sextíu ár

Pátttaka í útgáfu JÖKULS seint á 8. áratug



15.3.2026


Facebook hópur



Vefsíða



Fréttabréf



Vorráðstefna JFÍ 13. mars 2026

Starfsemi jarðfræðafélagsins í sextíu ár

Sigurðarmedalía (minnispeningur)

IAVCEI ákvað árið 1986 að veita Sigurðarmedalíu sem sérstaka viðurkenningu fyrir framúrskarandi starf í eldfjallafræðum

Medalían veitt í fyrsta skipti á ráðstefnu í Vancouver í ágúst 1987 til **Roberts L. Smith**

Fleiri meðtakendur medalíunnar: G.P.L. **Walker** 1989, H.U. **Schmincke** 1993, R.V. **Fisher** 1997, **Keiti Aki** 2000, W. **Hildreth** 2004, R.S.J. **Sparks** 2008, B. **Voight** 2013, B.F. **Houghton** 2017, K. **Cashman** 2023, L. **Wilson** 2025

JFÍ tók að sér umsjón með gerð medalíunnar, m.a. með því að útvega fjármagn til að láta búa hana til.

Starfsemi jarðfræðafélagsins í sextíu ár

Sigurðarsjóður


Sigurðarsjóður stofnaður á aðalfundi JFÍ 25. maí 1987

Úr stofnskrá og reglum sjóðsins:

3. grein. Tilgangur sjóðsins er að efla tengsl íslenskra jarðvísindamanna við útlönd með því að **bjóða erlendum fræðimönnum til fyrirlestrahalds** á vegum Jarðfræðafélags Íslands.

Félagar jarðfræðafélagsins í sextíu ár

Fjöldi félagsmanna 1966 - 2026



Félagar jarðfræðafélagsins í sextíu ár

Aldursdreifing félaga í jarðfræðafélaginu

	20 - 40	41 – 70	70+	Heildarfjöldi félaga
1969	17 (53%)	15 (47%)	-	32
1997	42 (21%)	148 (76%)	5 (2%)	195
2026	69 (21%)	166 (50%)	96 (29%)	331

2025 voru 37 félagar sem höfðu verið 50 ár eða lengur í félaginu

Félagar jarðfræðafélagsins í sextíu ár

Vinnustaðir

	1969	1999	2025
HÍ/Norr. eldfjallastöðin	10	35	88
Veðurstofa Íslands	1	16	34
Orkustofnun/ÍSOR	12	46	29
Náttúrufræðistofnun/Náttúrustofur	2	10	10
Aðrar opinb. stofnanir/skólar	5 (4 mism. staðir)	55 (29 mism. staðir)	53 (30 mism. staðir)
Einkafyrirtæki	0	17 (13 mism. staðir)	38 (30 mism. staðir)
Eftirlaunaþegar	0	8	62
Erlendis/ekki vitað	2	18	17
Heild	32	195	331

Breyting á 2. gr. laga félagsins

Hlutverk félagsins er að efla íslenskar jarðfræðirannsóknir.
Þessu hlutverki hyggst félagið gegna með því að:

jarðvísindarannsóknna

- a. Stuðla að kynningu íslenskra ~~vísindamanna í hinum ýmsu greinum~~ jarðfræða.
- b. Efna til umræðufunda er haldnir skulu a.m.k. tvisvar á ári.
- ~~c. Stuðla að skipulagningu og samræmingu jarðfræðirannsókna á Íslandi.~~
- c. Vera aðili að alþjóðasamtökum og alþjóðasamvinnu á sviðum þessara fræða.

Skipulagning og samræming jarðfræðirannsókna á Íslandi

- Í júní 1988 var stofnuð þriggja manna nefnd JFÍ til að semja tillögur að fyrirkomulagi jarðfræðirannsókna á Íslandi
- Nefndin skilaði skýrslu í nóvember sama ár. Hún var kynnt Steingrími Hermannssyni, þáverandi forsætisráðherra og sent á aðra ráðherra og formenn þingflokka
- Megininntak skýrslunnar var tillaga um tvær nýjar stofnanir, **Jarðfræðastofnun (Geological Survey)** og **Jarðþjónustustofnun**
- Nefndarmenn fengu einnig áheyrn á næstu árum hjá ráðherrum í tengslum við nýstofnun umhverfisráðuneytisins árið 1990
- Ekkert finnst um frekari fundir, skýrslur eða viðbrögð stjórnvalda um skipulagningu og samræmingu jarðfræðirannsókna á Íslandi

Skipulagning og samræming jarðfræðirannsókna á Íslandi frh.

- Í september 1994 var stofnuð þriggja manna nefnd JFÍ til að semja tillögur um framtíðarskipan jarðfræðirannsókna á Íslandi
- Nefndin skilaði skýrslu í mars 1995. Hún var kynnt starfsfólki í umhverfis- og iðnaðarráðuneytinu 4. maí 1995, með beiðni um að fundað yrði einnig með ráðherrum þessarar ráðuneyta. Stefnt var að því að skýrslan yrði kynnt stjórnvöldum
- Ekki liggur fyrir hvort frekari kynningar eða samskipti um framtíðarskipan jarðfræðirannsókna hafi átt sér stað á næstu árum
- Ekki hefur verið unnið að þessum málum á vegum félagsins síðan



Takkt fyrir!